

## Madrid 7.-10.maí 2023

Dagana 7.-10.maí árið 2023 fóru 6 kennarar úr Arnarsmára í heimsókn til Madrid á Spáni. Heimsóknin var síðasta heimsóknin vegna Erasmus+ verkefnisins **Power of Reading**. Skólinn sem við heimsóttum heitir Colegios Zola Villafranca og er staðsettur í bænum Villanueva de la Cañada í úthverfi Madrid. Í skólanum eru börn frá 1 árs og uppí 18 ára og eru um 1000 börn í skólanum hverju sinni.

Sérhæfing Spánar í verkefninu er læsi og tilfinningar og fengum við ýmiss konar fyrirlestra og tókum þátt í vinnustofum um það efni. Einnig fengum við kynningu um skólann og fengum að skoða hann. Við fórum í heimsókn á bókasafn og fengum að vita hvernig unnið er með börnum þar og við fórum líka og skoðuðum Prado listasafnið og gamalt klaustur. Í þessari heimsókn lærðum við ýmislegt um hvernig er hægt að vinna með læsi og tilfinningar og við komum heim með fullt af hugmyndum sem við getum nýtt okkur til að gera starfið í Arnarsmára betra.

Þetta var síðasti fundurinn í verkefninu og nú er það eina sem er eftir að klára vinnu við lokaskýrslu verkefnisins og ýmis konar smáverkefni sem á eftir að leysa.